



Forsætisnefnd

Tjarnargata 12 - aðgengismál

Skrifstofu borgarstjórnar hafa reglulega borist ábendingar um að skrifstofuaðstaða borgarfulltrúa að Tjarnargötu 12 uppfylli ekki þær aðgengiskröfur sem gerðar eru til slíks húsnæðis. Að sama skapi hefur verið bent á að nauðsynlegt er að gera breytingar á salernum í Ráðhúsinu sjálfu til að uppfylla aðgengiskröfur.

Borgarfulltrúar hafa nýverið flutt skrifstofur sínar á þriðju hæð í Tjarnargötu 12 og er nýkjörin borgarstjórn að koma sér fyrir. Að beiðni skrifstofu borgarstjórnar og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu hefur þegar verið óskað er eftir hönnunarútfærslu og kostnaðaráætlun breytinga vegna bætts aðgengis á öllum hæðum í Tjarnargötu 12, með fatlaða og hreyfihamlaða einstaklinga í huga, hvort sem viðkomandi styðjist við hjólastóla (með og án rafmagns) eða hækjur. Samkvæmt upplýsingum frá umhverfis- og skipulagssviði verður í kjölfarið verður tekin ákvörðun um hvort ráðist verði í framkvæmdir við breytingar og til þess sótt sérstök fjárveiting.

Er forsætisnefnd tilkynnt um það hér með.

Virðingarfyllst,

Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar